

Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um samskipti ríkisstjórnarinnar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

1. *Hefur ríkisstjórnin mótmælt töfum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands? Ef svo er, með hvaða hætti og eru til skrifleg gögn sem staðfesta þau mótmæli?*

Forsætisráðherra, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra hafa á fjölmörgum fundum með fulltrúum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér á landi og erlendis og á fundum með fulltrúum þjóða sem eru aðilar að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum gert alvarlegar athugasemdir við ítrekaðar tafir á endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands árið 2009. Þá hafa forsætisráðherra, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra jafnframt ritað um þessar tafir meðal annars á erlendum vettvangi og rætt um þær ítrekað á fundum og í samtölum við fulltrúa þeirra ríkja sem málið varðar.

2. *Hvenær lá ljóst fyrir að afgreiðsla Icesave-málsins væri ein af forsendum þess að efnahagsáætlunin fyrir Ísland yrði endurskoðuð?*

Um mitt ár 2009 komu fram vissar vísbendingar um að lítið væri á afgreiðslu Icesave-málsins, endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, lánveitingar Norðurlandþjóða og annarra vinveittra þjóða, fjárfestingar erlendra aðila og framtíðaruppbyggingu efnahags- og fjármálakerfisins hér á landi í sterku samhengi. Meðal annars höfðu verið settir skýrir fyrirvarar í þingskjöl við afgreiðslu þjóðþinga í Svíþjóð og Noregi á láni til Íslendinga um að lausn Icesave-málsins lægi fyrir áður en lánið yrðu greidd út, en þau lán eru hluti af efnahagsáætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ákvað því að taka ekki fyrir endurskoðun efnahagsáætlunarinnar þann 7. ágúst 2009 eins og stefnt hafði verið að. Það var gert með þeim rökum að sjóðurinn hefði staðreynt að fjármögnun efnahagsáætlunarinnar með greiðslum frá utanaðkomandi aðilum, m.a. Norðurlöndunum, hefði ekki verið tryggð. Umsamin norræn lán væru mikilvægur hluti efnahagsáætlunarinnar og yrði aðgengi að þeim að vera að fullu tryggt áður en framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins teldi sig geta gengið frá endurskoðun efnahagsáætlunarinnar. Þetta samhengi skýrðist enn frekar þegar Alþingi hafði þann 28. ágúst sl. samþykkt lög um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., sbr. lög nr. 96/2009. Þegar í kjölfar samþykkis laganna óskuðu íslensk stjórnvöld eftir því að endurskoðun efnahagsáætlunarinnar yrði tekin til umfjöllunar í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Yfirmenn sjóðsins upplýstu þá um fyrirstöðu annarra aðildarþjóða í því efni þar sem Icesave-málið teldist að þeirra mati ekki að fullu til lykta leitt. Í samtölum ráðherra í ríkisstjórn Íslands við ráðherra annarra Norðurlandþjóða fékkst jafnframt staðfest að ekki kæmi til endurskoðunar á efnahagsáætluninni fyrr en endanleg niðurstaða væri fengin í Icesave-málinu. Þegar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu

til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., hafði verið lagt fram á Alþingi 19. október sl. var þegar tilkynnt um að framkvæmdastjórn Alþjóðagjald-eyrissjóðsins stefndi að því að taka endurskoðun á efnahagsáætlun Íslands fyrir á fundi sínum 28. október, eins og raun varð á.